

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um birgðir influensulyfja vegna fuglaflensu.

1. *Eru enn til birgðir af influensulyfjum (Tamiflu og Relansa) sem nægja fyrir þriðjung þjóðarinnar, eru áform um að auka þær birgðir, og þá hve mikið?*

Í landinu eru um þessar mundir 89.000 meðferðarskammtar af Tamiflu og Relansa. Unnið er að mati á frekari þörf influensulyfja og gerðar hafa verið ráðstafanir til að auka lyfja-birgðahaldið verði talin þörf á því.

2. *Hvernig er haldið utan um þær birgðir influensulyfja sem keyptar hafa verið á undanförunum mánuðum? Er lyfið geymt til notkunar ef heimsfaraldur skellur á eða hafa læknar getað ávísað því að vild sl. mánuði?*

Lyfin eru geymd á tilteknum miðlægum stað þar sem fyllsta öryggis er gætt. Þeim influensulyfjum, sem keypt hafa verið á þessu ári (82.000 meðferðarskammtar), er einungis hægt að ávísa ef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lýsir því yfir að heimsfaraldur influensu sé skollinn á. Árið 2004 voru keyptir 7.000 meðferðarskammtar en heimilt er í samráði við sóttvarnalækni að nota af þeim birgðum ef á þarf að halda í árlegri influensu enda bæti lyfjainnflytjendur slíka notkun með endurnýjun lyfjanna. Læknar hafa heimild til að ávísa influensulyfjum ef ábendingar eru fyrir hendi og hafa lyfjainnflytjendur flutt inn lyf á ári hverju í því skyni.

3. *Hverjir munu fá lyfið ef heimsfaraldur brýst út, mun fólk í ákveðnum starfsstéttum, aldursflokkum eða með ákveðna sjúkdóma hafa forgang?*

Ekki er fyrir fram hægt að vita með hvaða hætti heimsfaraldur influensu leggst á fólk og hvaða aldurshópa. Í flestum þekktum heimsfaröldrum leggst influensa þyngst á eldra fólk og yngstu börnin. Undantekning þar á var spánska veikin en hún lagðist af ókunnum ástæðum hvað þyngst á fólk á aldrinum 20–40 ára. Í áætlunum um lyfjakaup hefur verið tekið mið af því að næsti influensufaraldur leggst þyngst á hefðbundna áhættuhópa, svo sem aldraða og fólk með tiltekna undirliggjandi sjúkdóma. Komi í ljós að áhættudreifingin verði önnur verður brugðist við því. Í áætlunum er gert ráð fyrir því að ákveðnar starfstéttir fái fyrirbyggjandi meðferð, einkum þeir sem lækna og líkna sjúkum og starfsfólk sem sér um allra nauðsynlegustu starfsemi í landinu.

4. *Hver mun sjá um birgðahald og dreifingu á lyfinu ef heimsfaraldur skellur á?*

Sóttvarnalæknir sér um birgðahald og dreifingu á lyfinu ef heimsfaraldur skellur á. Gert er ráð fyrir að lyfinu verði dreift til heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa sem sjá um að koma lyfjum til þarfandi samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis.

5. *Hafa heilbrigðisyfirvöld einhverja samvinnu við yfirmenn herstöðvarinnar í Keflavík vegna hugsanlegs fuglaflensufaraldurs, hefur verið undirbúin aðgerðaáætlun fyrir íbúa varnarsvæðisins og, ef svo er, eru íslensk stjórnvöld sátt við hana?*

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa á undanförunum árum haft samvinnu við yfirmenn varnarliðsins vegna hugsanlegra atburða af völdum sýkla, þ.m.t. farsóttu, eiturefna og geilsavirkra efna. Íbúar á varnarsvæðinu munu falla undir almennan viðbúnað í landinu vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu en um þessar mundir er unnið að slíkum viðbúnaðaráætlunum.